




84 milljónir stjarna og fer fjölgandi



Stafrænu myndavélarnar sem við notum dags daglega eru eins og leikföng við hliðina á myndavélinni sem tók þessa nýju mynd af miðju okkar vetrarbrautar.

Ef þú ferð út í búð að kaupa nýja myndavél sérðu fljótt að tekið er fram hve marga „megapixla“ hún hefur. Sú tala segir til um hve mikil smáatriði sjást á myndinni og hve stórar myndirnar verða. Stafrænar myndavélar hafa oft um og yfir 10 megapixla. Þessi ótrúlega mynd hér að ofan var tekin með sérstakri myndavél sem er föst á sjónauka en myndin er 12.000 megapixlar!

Það er þó ekki eina stóra talan sem tengist myndinni. Á henni geta stjörnufræðingar nefnilega séð 173 milljónir fyrirbæri og búið er að staðfesta að af þeim eru 84 milljónir stjörnur! Það eru tíu sinnum fleiri stjörnur en stjörnufræðingar hafa séð á eldri myndum af miðju okkar vetrarbrautar.

„Nýju gögnin gefa okkur svipmynd af öllum stjörnunum í einu svo við getum talið stjórnurnar í þessum hluta vetrarbrautarinnar“ segir stjörnufræðingurinn Dante Minniti. Stjörnufræðingar hafa þegar gert áhugaverða uppgötvun með því að rannsaka þessa mynd: Þeir hafa fundið aragrúa stjarna sem kallast daufir, rauðir dvöngar. Það eru góðar fréttir fyrir stjörnufræðinga í leit að reikistjörnum því daufir rauðir dvöngar henta sérstaklega vel til þeirrar leitar.

Taktu þátt: Hvað myndir þú skoða ef þú gætir stjórnað einum öflugasta sjónauka í heiminum? Til að halda upp á 50 ára afmæli sitt hefur Stjörnustofn Evrópulanda á suðurhveli boðið öllum að kjósa um hvaða fyrirbæri VLT sjónaukinn á að skoða! Smelltu hér til að fá fleiri upplýsingar.



More information about EU-UNAWWE
Space Scoop: www.eu-unawe.org/kids/